



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

7. tbl. 2004, - 14. árg.

Desember 2004

Jólaball

Hvar: Salnum Am Sand í Niederaanven, bak við Match á route de Treves.

Hvenær: 26. desember frá 14:00 til 17:30

Börnin úr Íslenskuskólanum syngja.

Dansað verður í kringum jólatréð og sungin íslensk jólalög í félagsskap jólasveina sem koma frá Íslandi sérstaklega af þessu tilefni og verða með gott í poka fyrir börnin.



Að loknum dansi verður boðið upp á kaffi, heitt súkkulaði með rjóma og bakkelsi .

Gosdrykkir og vatn verður til sölu á hóflegu verði.

Samkvæmt góðri og gamalli hefð eru félagsmenn vinsamlegast beðnir um að koma með kaffibrauð og/eða bakkelsi.

Aðgangur félagsmanna er ókeypis.

Vinsamlegast framvísið félagsskírteinum við innganginn.



Fyrir utanfélagsfólk er inngangseyrir
10 € fyrir fullorðna
5 € fyrir börn

Vonumst til að sjá sem flesta

Stjórn FÍL

Í þessu blaði:

Jólaball FÍL	1
Um félagsskírteini	1
Jólaguðspjónusta	2
Molar	3
Draugaball	3
Iceland Express	3
Frá ritstýrum	3
Litlu dálkarnir	4



Félagsskírteini

Loksins er stjórnin búin að láta prenta félagsskírteini. Þetta er í raun búið að vera í lögum félagsins í nokkur ár.

Við vorum svo heppin að njóta hjálpar Einars Kristjánssonar sem útbjó og prentaði skírteinin fyrir okkur. Með tilkomu skírteinanna auðveldar það stjórninni að hafa ódýrara inn á samkomur fyrir félagsmenn og dýrara fyrir utanfélagsmenn. Í sumum tilfellum er ókeypis fyrir félagsmenn og utanfélagsmenn verða að greiða aðgangseyri. Allir meðlimir sem greitt hafa félagsgjöldin sín fá félagsskírteini með þessu fréttabréfi. Við biðjum þá sem telja sig hafa greitt og fá ekki félagsskírteini að hafa samband við gjaldkera félagsins á fil.gjaldkeri@islandus.net

Á döfinni:

- Jólamesa 19. desember
- Jólaball 26. desember í Am Sand í Niederaanven
- Porrablót laugardaginn 29. janúar
- 100% Hitt með Helgu Braga 5. mars, nánar auglýst síðar

Porrablót félagsins verður haldið laugardaginn 29. janúar á Parc Hotel í Dommeldange

Takið daginn strax frá

Míða og borðapantanir byrja 5. janúar á midar@islandus.net



Jólaguðsþjónusta
sunnudaginn 19. desember kl. 14:00

Í kirkju hinnar heilögu þrenningar
(mótmælendakirkjunni)
5 rue de la Congrégation, Luxembourg

Börn úr íslenskuskólanum flytja helgileik og
syngja fyrir kirkjugesti

Eva Dís Ingvadóttir les úr ritningunni

Sr. Sigurður Arnarson, sendiráðsprestur í
Lundúnum predikar

Kór íslenska safnaðarins í Luxembourg syngur

Organisti og kórstjórnandi Hermann B.
Reynisson

Meðhjálpari Sigurður Kristinsson

Ekki verður af messukaffi í ár en minnt er á
að söfnunarbaukur verður látinn ganga

Næg bílastæði eru í nærliggjandi bilageymslum
Mætum vel og tímanlega



Börn bregða á leik með Sr. Sigurði

Íslensku bankarnir í Luxembourg gefa sálmaþækur

Kirkjunefnd hefur verið færð höfðingleg gjöf frá íslensku bönkunum í Luxembourg Kaupthing banki, Landsbankinn og Íslandsbanki brugðust ljúflega við þegar til þeirra var leitað um stuðning um að kaupa 90 nýjar sálmaþækur nú í vetur fyrir tilstillan Sr. Sigurðar Arnarsonar sóknarprestis. Flugfélagið Bluebird Cargo flutti þækurnar án endurgjalds til Luxembourgar og naut kirkjunefnd velvildar tollayfirvalda í Luxembourg við niðurfellingu aðflutningsgjalda.

Sálmaþækurnar nýju eru gefnar út á Íslandi 1997, með gömlu sálmunum og svo öðrum þýddum og frumortum sálmum, alls 772 sálmar en fyrir voru 532. Auk sálmanna eru í bókinni messuskrár með mismunandi messutónum, umfjöllun um skírnina og aðrar athafnir, bænir við ýmiss tækifæri auk annars áhugaverðs efnis.

Sálmaþækurnar verða formlega teknar í notkun í jólaguðsþjónustunni 19. desember næstkomandi.



ISLANDUS.NET

Kirkjunefnd þakkar eftirtöldum dyggilegan stuðning:



KAUPTHING BANK

 Landsbanki Luxembourg S.A.



ÍSLANDBANKI



Molar

Skautasvellið í Beaufort (Patinoire Beaufort) opnaði 20. nóvember síðastliðinn og er opið til 6. mars næstkomandi. Þetta svell er undir berum himni svo klæða þarf sig vel.

Opnunartímar:

Þriðjud. - föstud. 13 - 20

Laugard. - sunnud. 10:30 - 21:30

Auka opnunartímar í skólafríum:

Mánud. 13 - 21:30

24. og 25. 12 10:30 - 18

31.12 13- 18

1.1 10:30 - 18

Inngangseyrir:

Börn € 2,00

Fullorðnir € 3,00

Skautaleiga € 2,50

Sérstakir atburðir:

Disco on ice: laugardaga frá 17 til 21:30 kostar ekki aukalega inn.

Ice karting: þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum frá

klukkan 20. Upplýsingar í síma 83 60 99-302

Barnagrímuball 7. febrúar 2005.

Ókeypis leiga á skautum á sunnudögum eftir klukkan 18.

Celsius í Gonderange er með listasýningu 19 listamanna frá 27. nóvember til 30. desember.

Tilvalið að kaupa jólagjafir.

Opnunartími:

Þriðjud.- föstud. 14 - 18.

Laugard. 10 - 12:30 og

13:30 - 18.

Sunnud. 14 - 18.

Celsius

Zone Artisanale Gehaansraich

L-6187 Gonderange

Draugaball

Draugaball fyrir yngri kynslóðina var haldið 20. nóvember síðast liðinn, 86 draugar, nornir, prinsessur, Drakúla og aðrar kynjaverur mættu og skemmtu sér hið besta. Farið var í leiki, sungið og dansað.

Viljum við þakka öllum þeim sem réttu okkur hjálparhönd kærlega fyrir hjálpinu. Þeir sem bökkuðu, starfsfólk á barnum og sala-skreytarar.

Aldrei að vita nema við endurtökum að ári!!

*Stjórn Leikklúbbsins Spuna
Bryndís, Kata og Stella*



Iceland express Hahn eða Luxembourg?

Iceland Express ákveður að fjölga áfangastöðum: Hahn eða Lúxemborg?

Iceland Express hefur ákveðið að færa út kvíarnar og fjölga áfangastöðum í Evrópu frá næsta vori. Samkvæmt heimildum Morgunblaðsins stendur valið á milli Hahnflugvallar í Mið-Þýskalandi og Lúxemborgar. Ákveðið hefur verið að flugferðir á nýjan áfangastað verði þrjár til fjórar í viku, að minnsta kosti til að byrja með.

Almar Örn Hilmarsson, framkvæmdastjóri Iceland Express, sagði í samtali við Morgunblaðið í gær að ýmsir kostir varðandi fjölgun áfangastaða til meginlands Evrópu væru til skoðunar hjá félaginu, en endanleg ákvörðun yrði ekki tekin fyrr en eftir áramót. Sagði hann stefnt að því að nýr áfangastaður yrði kynntur með nýrri sumarætlun.

Morgunblaðið hefur upplýsingar um að þau kjör sem félaginu standa til boða séu talsvert hagstæðari á Hahn-flugvelli heldur en í Lúxemborg og félagið sé nú að veða og meta kosti og galla hvors áfangastaðar fyrir sig.

"Markaðsaðstæður eru hagstæðar núna. Það hefur verið mikil aukning á ferðamönnum til Íslands og ferðir Íslendinga hafa stóruaúkst frá því við komum inn á markaðinn og lækkuðum verðið. Það væri óeðlilegt, ef við ekki skoðuðum hvernig við getum útvíkkað starfsemi okkar," sagði Almar Örn.

Frétt úr Morgunblaðinu

Frá ritstýrum



Aðventutíminn er nú alltaf skemmtilegur og auðvitað er hann annasamur líka. En það er gaman að ganga í öll jólastörfin ár eftir ár. Skoða allt jóladótið sem hefur safnast saman í gegnum tíðina og öll ljósín og fallegu jólaskekrytingarnar (sem vonandi virka), hengja upp og stilla fallega saman. Óvenjumiklar og glæsilegar utanhússkekrytingar eru að verða algengari í Luxembourg en áður og gaman fyrir okkur Íslendingana að sjá alla þessa ljósadýrð, enda vön þeim frá Íslandi.

Jólafríið hjá börnunum hefst á föstudaginn og skólinn byrjar aftur 3. janúar á nýju ári. Hafið þið tekið eftir því hvernig jólafríið hjá börnunum verður næsta ár, úff, en það er næsta árs mál.

Spuni hélt Draugaball barnanna þann 20. nóvember, sem tókst vel og börnin voru alsæl í sínum fjölmörgu búningum.

Basaar International var að venju fyrstu helgina í aðventu, sem nú kom upp 27. og 28. nóvember. Margir komu og gæddu sér á íslenska góðgætinu sem alltaf er jafngott.

Kvennakvöld var svo haldið 4. desember með hressum stelpum á öllum aldri, þó svo að gaman

hefði verið að fleiri hefðu mætt. Kalli í Tenderfoot kom frá Íslandi og flutti frábæra tónlist sem þeir félagar voru að gefa út á geisladisk, ásamt frumsömdu efni. Kalli var svo líka alveg til í að taka þekktari lög sem stelpurnar kunnu og vildu syngja. Nætursnarl var auglýst en rétt er að nefna að fullkominn pinnamatur var á borðum, frábærlega góður og vill FÍL og aðrir í undirbúningsnefndinni, þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn bæði varðandi mat, aðstoð á bar, tónlistarupptökur og allt annað, kærlega fyrir hjálpinu.

Næsta messa verður 19. desember og hafa börnin í Íslenskuskólanum verið að æfa helgileik fyrir hana. Einnig var haldin söngæfing fyrir öll börn til

að syngja með í messunni. Kennarar í Íslenskuskólanum og leiðbeinendur í Sunnudagaskólanum hafa verið að undirbúa börnin og kann FÍL og Kirkjunefnd þeim bestu þakkir fyrir.

Á annan dag jóla eða 26. desember verður svo okkar árlega jólaball. Vonumst við til að sjá sem flesta úr nýlendunni, líka þá sem ekki eiga smábörn.

FÍL vill nota tækifærið og þakka öllum kærlega fyrir veitta hjálp á árinu, án ykkar hjálpar væri félagsstarfið lítils virði.

FÍL óskar öllum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Hlökkum til að hitta alla tilbúna til góðra verka á nýju ári.

Ritstýrum



Félag Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Heerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
Guðbjörg Steinarrsdóttir
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2004-2005

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, fil@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritari, 365 163, 021 637 888, fil.ritari@islandus.net
Diana Kristjánsdóttir, gjaldkeri, 2636 2419, 091 552 137 fil.gjaldkeri@islandus.net
Erna Elvarsdóttir, meðstjórnandi, 2674 5578, 021 306 871 erna@islandus.net
Þóra Karlsdóttir, meðstjórnandi, 2694 5105, 021 501 117 thora@islandus.net
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747 joi@islandus.net

Stjórn Kirkjunefndar www.islandus.net/fil/kirkjunefnd.htm

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Stefánsdóttir, 789 341
Agnar Sigurvinsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir, formaður, 341 882, spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir, ritari, 357 064, stella26@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, spuni.gjaldkeri@islandus.net

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elisabet Sigurðardóttir
Herdís Þórisdóttir

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Barnapössun

Tökum að okkur að passa börn um helgar, getum gist, erum vanir.

Einn eða allir, allir sem einn.

Daði, Ari og Ottó

Sími: 26 945 405

Gsm: 021 511 550

Tilvalið í skóinn!

DVD: Sveitasæla með Gunna og Felix. € 25.

CD's: Traustur og Tryggur

Númer 12, 13, 14 og 18. € 13.

Pantanir hjá Matthildi í síma 787

077 41 eða á netfanginu

bruin@islandus.net.

CL-44

Það er ný útkomnin bók sem nefnist Swintail CL-44. Hægt er að panta bókina á netinu www.air-britain.com.

Þar eru kaflar um Cargolux og Loftleiðir. Fjallað er um öll flugfélög sem ráku vélina. Einnig er sögð saga hveppar vélar. En framleiddar voru 39 vélar.

Dagbækur 2005

Dagbækur komunnar eru hláðnar hagnýtum upplýsingum og uppfylla kröfur þeirra allra vandlátustu.

Viðskiptadagbók: Vika á opnu og tímatal fyrir hvern dag og rými fyrir minnispunkta.

Kompan: Fjölskyldu- og viðskiptavæn dagbók. Tvær vikur á opnu.

Dagbók: Góð í hendi, opnast vel. Dagur á síðu.

Vasadagbók: Hefðbundin og faguð vasabók. Vika á opnu.

Litla dagbókin: Lítil viðskiptadagbók. Vika á opnu.

Þjónustudagbók: Velþekkt gormabók. Vika á opnu.

Dagbækurnar eru til sölu hjá Björgu í síma 787 312 eða 091 654 617.

Vatnslitamyndir

Hef til sölu myndir eftir mig. Mótíf eru frá Íslandi og blómamyndir. Gott verð.

Sigrún í síma 358 207.

Þreyttir fætur

Svæðanuddið gerir kraftaverk. Ég hef tíma, kem líka heim til ykkar. Sigrún í síma 358 207.

Christmas Camp í Top Squash

20-24 December 2004

From 10.00hrs to 16.00hrs

For ages 4 - 14

Squash training, Fitnessactivities, Tennis, Video Club, Lunch, Snacks and Drinks.

Prices:

Members € 130,-

Non Members € 160,-

All activities 10% discount for 2 children of the same family
Reservations at Top Squash,
357 181 or admin@topsquash.lu

Fæðingar

Bryndís Hauksdóttir og Jón Björgvin Björnsson eignuðust dótturina Gabrielu Ýr þann 17. nóvember. Hún var 3800 gr. og 52cm..

Við óskum þeim til hamingju.

Símaskrá

Breytingar

Einar Kristjánsson
Katrín Ásgrímsdóttir
8 um Gehaansraich
L-6187 Gonderange

Jökull Guðjónsson
8 am Pratel
L-5378 Uebersyren

Nýjir meðlimir